


 Samkeppniseftirlitið

Fjárlög - Samkeppniseftirlitið

Efnahags- og viðskiptanefnd

SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ
Borgartúni 26, 125 Reykjavík,
www.samkeppni.is








SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Efnahags- og viðskiptanefnd
Helgi Hjörvar, formaður
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 10-11
150 Reykjavík



Reykjavík, 2. október 2012


Tilv.: 0903011

Efni: Fjárheimildir til Samkeppniseftirlitsins

Stjórn Samkeppniseftirlitsins sendir yður hjálagt afrit af bréfi til fjárlaganefndar Alþingis vegna fjárheimilda stofnunarinnar. Er bréfið skrifað í framhaldi af því að fjárlög fyrir árið 2013 og fjáráukalög fyrir yfirstandandi ár hafa nú verið lögð fram á Alþingi. Af frumvörpunum er ljóst að rökstuddar óskir Samkeppniseftirlitsins um aukafjárveitingu á þessu ári og auknar fjárheimildir á næsta ári hafa ekki fengið hjómgrunn.

Í bréfinu er m.a. bent á að fjárheimildir til hefðbundinna verkefna Samkeppniseftirlitsins hafi lækkað um fjórðung að raungildi frá árinu 2008 til 2013, gangi frumvörpin óbreytt eftir. Stórfellt óafturkræft tjón kunnir að hljótask af slíkum niðurskurði. Með bréfinu er reynt til þrautar að koma á framfæri sjónarmiðum stjórnar Samkeppniseftirlitsins um auknar fjárheimildir til málaflokksins.

Virðingarfyllst,
Samkeppniseftirlitið


Rógnvaldur J. Sæmundsson
stjórnarformaður



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Fjárlaganefnd Alþingis
b.t. formanns
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

0903011	EGJ
2.3	PLP
02.10 2012	

Reykjavík, 2. október 2012

Tilv.: 0903011

Efni: Fjárheimildir til Samkeppniseftirlitsins

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2013, sem nú liggur fyrir Alþingi, er gert ráð fyrir því að fjárheimildir til Samkeppniseftirlitsins verði enn skornar niður. Þá er ekki gert ráð fyrir viðbótarfjárveitingu í frumvarpi til fjárukalaga vegna yfirstandandi árs. Af þessu er ljóst að rökstuddar óskir Samkeppniseftirlitsins um aukafjárveitingu á þessu ári og auknar fjárheimildir á næsta ári hafa ekki fengið hljómgrunn við gerð frumvarpanna.

Gangi tilvitnuð frumvörp eftir, liggur fyrir að fjárheimildir til hefðbundinna verkefna Samkeppniseftirlitsins hafi lækkað um fjórðung að raungildi frá árinu 2008 til 2013. Með þessum niðurskurði væri almenningi og efnahagslífi þjóðarinnar bakað stórfellt óafturkræft tjón. Það tjón birtist í afleiðingum þess að samkeppnisyfirvöldum hefur ekki verið gefið nauðsynlegt fjárhagslegt svigrúm til þess að uppræta samkeppnishömlur og grípa til annarra aðgerða til þess að tryggja virka samkeppni og hraða endurreisn atvinnulífsins.

Í þessu sambandi er vakin athygli á því mati umboðsmanns Alþingis, í kjölfar athugana á málshraða hjá Samkeppniseftirlitinu, að lækkun fjárveitinga hafi leitt til þess að eftirlitið geti ekki hagað störfum sínum þannig að samræmist reglum stjórnisýsluréttarins um málshraða.

Í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis, sem út kom í apríl 2010 er m.a. komist að þeirri niðurstöðu að stjórnendur eftirlitsstofnana beri nokkra ábyrgð á því að afla starfsemi þeirra fjármuna, jafnvel þótt Alþingi taki endanlega ákvörðun um fjárveitingar. Stjórn og forstjóri Samkeppniseftirlitsins hafa á síðustu árum ítrekað bent á þörfina á að veita meiri fjármunum í eftirlit á sviði samkeppnismála. Þetta hefur verið gert með fjárlagaerindum, beiðnum um aukafjárveitingar, bréfum til ráðherra og þingnefnda og fundum með sömu aðilum.

Með bréfi þessu vill stjórn Samkeppniseftirlitsins reyna til þrautar að koma á framfæri sjónarmiðum um auknar fjárheimildir til málaflokksins. Um leið vill stjórnin standa undir þeirri ábyrgð sem á henni hvílir, sbr. fyrrgreint mat rannsóknarnefndar Alþingis, og



tryggja að ábyrgðin á því tjóni sem er að hljóta af niðurskurði fjárheimilda til eftirlitsins liggja ekki hjá henni heldur þeim sem taka endanlegar ákvarðanir um fjárveitingar samkvæmt fjárlögum.


1. Fjárheimildir til hefðbundinna verkefna lækka um fjórðung

Fjárheimildir Samkeppniseftirlitsins hafa minnkað verulega að raungildi frá hruni. Þannig hafa fjárheimildir til hefðbundinna verkefna verið lækkaðar fjögur ár í röð, þ.e. árin 2010, 2011, 2012 og nú síðast 2013, ef fyrirliggjandi fjárlagafrumvarp gengur eftir.

Mynd 1 sýnir að fjárheimildir til hefðbundinna verkefna hafa lækkað um fjórðung að raungildi frá hruni. Eru þá ekki taldar með fjárheimildir frá árinu 2011 vegna nýrra verkefna, annars vegar vegna nýrrar lagaheimildar og hins vegar vegna tímabundinna verkefna við eftirlit með eignarhaldi banka á atvinnufyrirtækjum. Í báðum tilvikum er um að ræða ný verkefni sem eftirlitið sinnti ekki áður.

Ljóst er því að fjárheimildir Samkeppniseftirlitsins til að uppræta samkeppnislagaþrot, koma í veg fyrir samkeppnishamlandi samruna og ráðast gegn opinberum samkeppnishindrunum hafa verið skornar niður um fjórðung frá árinu 2008.

Mynd 1:



2. Samkeppniseftirlitið hefur þurft að fella niður mál vegna niðurskurðar

Á árunum 2006-2008 voru að jafnaði til meðferðar færri en 100 stjórnsýslumál á hverjum tíma hjá Samkeppniseftirlitinu. Eftir hrun hefur málum til meðferðar fjölgað jafnt og þétt, eins og sjá má á mynd 2.

Vegna lækkunar á fjárheimildum og fjölgunar mála var Samkeppniseftirlitinu nauðugur sá einn kostur að grípa til sérstakra aðgerða sem fólu í sér að hafna því að taka mál til rannsóknar sem ella hefðu verið leidd til lykta. Þannig hefur eftirlitið hafnað því að taka allmörg mál til meðferðar og jafnframt fellt niður rannsóknir mála, sem leiddar hefðu verið til lykta við eðlilegar kringumstæður. Fjöldi mála hjá Samkeppniseftirlitinu myndi




hafa tvöfaldast frá árinu 2008 ef eftirlitið hefði ekki gripið til þessara aðgerða til að létta á álaginu (brotin lína í mynd 2). Aðgerðirnar leiddu þess í stað til þess að málum fjölgaði „aðeins“ um tæplega 70%.

Þessar aðgerðir til að draga úr málafjölda hafa komið illa við fyrirtæki og einstaklinga sem hafa hagsmuni af viðkomandi málum. Nefna má að áfrýjunarnefnd hefur nú þrjú mál til meðferðar, þar sem kærðar eru ákvarðanir Samkeppniseftirlitsins um að taka ekki upp eða fella niður rannsóknir mála þar sem grunur leikur á samkeppnislagabrotum. Í máluunum reynir á heimildir eftirlitsins til að fella niður rannsóknir jafnvel þótt brot kunni að hafa átt sér stað.

Að óbreyttu liggur fyrir Samkeppniseftirlitinu að grípa til enn róttækari aðgerða við lokun mála.

Mynd 2:



3. Umboðsmaður Alþingis telur málshraða ekki standast stjórnýslulög

Niðurskurður í fjárheimildum eftirlitsins samfara fjölgun mála leiðir óhjákvæmilega til þess að málsmeðferð lengist, þrátt fyrir framangreinda lokun mála. Í lok síðasta árs var svo komið að umboðsmaður Alþingis taldi nauðsynlegt að hefja sérstaka rannsókn á málsmeðferð og málshraða Samkeppniseftirlitsins, enda höfðu honum borist allnokkrar kvartanir vegna þessa. Aflaði hann ítarlegra upplýsinga um öll mál sem verið höfðu til meðferðar frá árinu 2008.

Umboðsmaður lauk þessari athugun í júlí síðastliðnum. Taldi umboðsmaður ekki ástæðu til að gera athugasemdir við verklag Samkeppniseftirlitsins við meðferð mála. Hins vegar er það niðurstaða hans að lækkun fjárveitinga hafi leitt til þess að eftirlitið geti ekki hagað störfum sínum þannig að samræmist reglum stjórnýsluréttarins um málshraða.

Vegna þessa ákvað umboðsmaður að rita efnahags- viðskiptaráðherra (nú atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra) bréf og óska upplýsinga um afstöðu og aðgerðir ráðuneytisins í þessu efni. Vísaði hann m.a. til þess að í sameiginlegri yfirlýsingu þáverandi viðskiptaráðuneytis og Samkeppniseftirlitsins um samkeppnismál, frá 15. maí 2007,



kemur fram að viðskiptaráðuneytið muni leitast við að á hverjum tíma búi Samkeppnisyfirlitið yfir fjármagni sem geri því kleift að annast framkvæmd samkeppnislaga. Svör atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra við bréfi umboðsmanns liggja ekki fyrir.

4. Ófullnægjandi fjárheimildir til samkeppniseftirlits valda almenningi og efnahagslífi stórfelldu tjóni

Samkeppnisyfirvöld á Íslandi eru í aðstöðu til þess að sýna fram á að samkeppnislög og eftirfylgni við þau hafi bætt hag almennings og fyrirtækja og þar með efnahagslífs. Á liðnum árum hafa samkeppnisyfirvöld upprætt fjölmörg samkeppnislagaþrot. Má þar sem dæmi nefna stórfellt samráð grænmetisframleiðenda, olíufyrirtækja, greiðslukortafyrirtækja, váttryggingafyrirtækja, fjarskiptafyrirtækja, matvöruframleiðenda og smásala, auk samráðs allmargra samtaka fyrirtækja á ólíkum sviðum atvinnulífs.

Þá hefur Samkeppniseftirlitið stöðvað og upprætt misnotkun á markaðsráðandi stöðu, s.s. í fjarskiptum, farþegaflugum, sjóflutningum, dagvöruverslun, lyfjasölu, og drykkjarvöruframleiðslu. Í allmörgum tilvikum hefur Samkeppniseftirlitið einnig ógilt samruna eða sett þeim skilyrði til þess að koma í veg fyrir samkeppnishindranir.

Sektir greiddar í ríkissjóð vegna samkeppnislagaþrota síðasta rúman áratug nema um 7 milljörðum króna á verðlagi ársins 2012. Mest um verður er þó ávinningur almennings og efnahagslífs af því að samkeppnislagaþrot séu stöðvuð. Viðurkenndar rannsóknir sýna t.d. að ólögmaett samráð leiðir að jafnaði til um 50% hærra verðs en ella. Vísbendingar eru um að samkeppnisaðstæður hér á landi hafi breyst til batnaðar í kjölfar aðgerða samkeppnisyfivalda, s.s. á matvörumarkaði, farþegaflutningum, fjarskiptum, lyfjasölu og greiðslukortastarfsemi.

Staðreyndin er hins vegar því miður sú að margt er óunnið í þessum efnum. Augljóst er að í smáu hagkerfi, sem beygt er af efnahagsörðugleikum, er góður jarðvegur fyrir samkeppnislagaþrot og aðrar samkeppnishindranir. Mikið svigrúm er til þess að bæta samkeppnisaðstæður á fjölmörgum mörkuðum með skilvirkri beitingu samkeppnislaga.

- Nefna má sem dæmi að full ástæða er til þess að huga betur að samkeppnisaðstæðum á dagvörumarkaði, olíumarkaði og í flutningum til og frá landinu og innanlands. Þá er mikilvægt að huga betur að opinberum samkeppnishindrunum af ýmsu tagi, í því skyni að hraða endurreisn atvinnulífs. Tíðar kvartanir á ýmsum sviðum atvinnulífs, sem Samkeppniseftirlitið hefur ekki haft svigrúm til að sinna, gefa raunar vísbendingar um að víða sé pottur brotinn.

Hér eru aðeins fá dæmi nefnd. Með litlum viðbótartilkostnaði við eftirfylgni samkeppnislaga gætu stjórnvöld stuðlað að bættum hag almennings og hraðari endurreisn og um leið forðað stórfelldu tjóni fyrir íslenskt efnahagslíf. Augljóst er að öflugt og áhrifaríkt samkeppniseftirlit er ódýrt verkfæri til að efla atvinnulíf og þar með hag þjóðarinnar.



5. Sparnaður í ríkisútgjöldum eru ótæk rök fyrir niðurskurði í fjárveitingum til samkeppniseftirlits

Stjórnvöld hafa á liðnum árum fengist við erfið verkefni í tengslum við sparnað í ríkisrekstri. Niðurskurður á ýmsum sviðum ríkisrekstrar er sársaukafullur, s.s. í heilbrigðisþjónustu og menntamálum. Sýna má þeim málf lutningi skilning að allir þurfi að leggja sitt lóð á vogarskálarnar og taka þátt í sparnaði.

Samkeppniseftirlitið hefur tekið þátt í þessum aðgerðum. Hefur eftirlitið gætt þess að takmarka tjónið af þeim niðurskurði með því að standa vörð um þá þekkingu og reynslu sem það hefur byggt upp á liðnum árum.

Þegar hér er komið sögu eru það hins vegar ótæk rök fyrir niðurskurði í fjárveitingum til samkeppniseftirlits að spara þurfi í ríkisrekstri. Ástæðan er einföld: Niðurskurður í fjárheimildum til Samkeppniseftirlitsins leiðir til tíðari samkeppnislaga brota og víðtækari samkeppnishindrana, til tjóns fyrir almenning og þjódarbúið. Viðbótarfjárheimild, sem gerir Samkeppniseftirlitinu kleift að ryðja úr vegi alvarlegum samkeppnishindrunum á mikilvægum markaði, borgar sig margfalt á skömmum tíma. Af þessu má ótvírætt draga eftirfarandi ályktun: Niðurskurður í fjárheimildum til samkeppniseftirlits mun leiða til minni tekna og aukins kostnaðar fyrir almenning og þjódarbúið.


Þar við bætist að Samkeppniseftirlitið er að líkindum eina ríkisstofnunin sem þiggur rekstrarfé beint úr ríkissjóði, sem skilar fjárveitingum tvöfalt til baka í beinhörðum peningum. Fyrir liggur að samanlagðar álagðar sektir, greiddar í ríkissjóð, nema u.þ.b. tvöfalt hærri upphæð en samanlagðar fjárheimildir til samkeppnisyfirvalda frá því að stjórnvaldssektum var fyrst beitt vegna samkeppnislaga brota á árinu 2001.

Með 140 m. kr. aukningu fjárheimilda á árinu 2013 og 50 m.kr. aukafjárveitingu á þessu ári yrði Samkeppniseftirlitið í gjörbreyttri stöðu til þess að uppræta samkeppnishindranir og vinna að hagsmunum almennings og hraðari endurreisn atvinnulífs. Eftir sem áður yrði kostnaður af Samkeppniseftirlitinu aðeins lítið brot af kostnaði við rekstur annarra stjórnvalda sem mestu varða um uppbyggingu og stöðugleika íslensks efnahagslífs.

Fjárlagaerindi Samkeppniseftirlitsins fyrir árið 2013 er meðfylgjandi. Þar er einnig fjallað um ósk eftirlitsins um aukafjárveitingu á þessu ári.

Samkeppniseftirlitið óskar eftir að fá að koma fyrir fjárlaganefnd til þess að fylgja erindi þessu úr hlaði.

Virðingarfyllt,
Samkeppniseftirlitið


Rögnvaldur Sæmundsson
stjórnarformaður